

Aðgerðir til að hækka menntunarstig í leikskólum Hafnarfjarðar

Á fundi fræðsluráðs þann 15. desember 2014 var undirritaðri falið að koma með hugmyndir sem gætu stuðlað að fjölgun leikskólakennara í sveitarfélaginu.

Til þess að uppfylla gildandi lög þarf að fjölga leikskólakennurum um 1.500 á landsvísu og um 140 í Hafnarfirði. Þó er ekki í þessu samhengi tekið tillit til brottfalls sem ætla má að geti orðið. Í Hafnarfirði eru um 40% starfsfólk leikskólanna með leikskólakennararéttindi og 12% til viðbótar með aðra háskólamenntun en ákvæði laga um leikskóla frá 2008 kveða á um að 2/3 hluti starfsfólks leikskóla skuli ver með leikskólakennararéttindi. Tölur eru þó á reiki eftir því hvaða viðmið eru notuð.

Miðað við aðsókn að leikskólakennaranámi undanfarin ár þá mun það hlutfall ekki nást á næstu áratugum. Mjög lítil nýliðun er fyrirsjáanleg og stór hópur mun hverfa frá störfum vegna aldurs á allra næstu árum. Í Hafnarfirði eru það 42 leikskólakennarar sem láta af störfum vegna aldurs á næstu 10 árum.

Meginástæður þess að ekki er meiri fjölgun í stéttinni en raun ber vitni geta t.d. verið lág laun, slæm starfsaðstaða/starfsumhverfi þar sem er mikið álag, of mörg börn á hvern starfsmann eða samfélagsleg viðhorf til leikskólastarfs. Einnig hafa kröfur um faglegt starf og þjónustuhlutverk skólanna aukist umtalsvert á undanförunum árum. Það ber að hafa í huga að engin raunveruleg þróun verður í leikskólastarfi nema að vel menntaðir leikskólakennarar og stjórnendur komi þar að. Framúrskarandi leikskólastarf byggist á góðri samvinnu bæjaryfirvalda og þeirra sem bera uppi hið daglega starf.

Sem fyrstu skref til að auka hlutfall fagfólks í leikskólum Hafnarfjarðar eru gerðar tillögur um eftirfarandi:

1. Boðið verði upp á námssamninga til að stunda nám í leikskólakennarafræðum samhliða starfi í leikskóla.
2. Að starfsfólki verði gert kleift að sækja sér starfsþróun sem í boði er hverju sinni.
3. Að bjóða fleiri leikskólakennurum upp á tækifæri til framhaldsmenntunar t.d. með náms-samningum og/eða fleiri námsleyfum.
4. Að efla leiðtogaþæfni og stuðning við stjórnendur leikskólanna með sameiginlegu starfs-þróunartilboði.

Hafnarfirði 23. janúar 2015

Jenny Dagbjört Gunnarsdóttir þróunarfulltrú leikskóla

jenny@hafnarfjordur.is